



Kæru stjórnir og aðrir frístundahúsaeigendur,

Nokkrar fyrirspurnir hafa borist í tengslum við inneignarkortin og því höfum við ákveðið að taka saman nokkra punkta og senda ykkur.

Varðandi afhendingu inneignarkortanna þá viljum við benda á að í anddyri Félagsheimilisins Borgar verður grímuskylða, 2 metra reglan verður í gildi og eingöngu mega 4 vera inni í einu. Á staðnum verða sprittbrúsar og óútfyllt afhendingarskjöl. En eins og áður hefur komið fram þurfa allir að fylla út afhendingarskjölin til að fá afhent inneignarkort.

Það kom ekki nógu skýrt fram í áðursendum tölvupósti frá okkur að það er engin krafa um að það verði að sækja kortin fyrir ákveðinn tíma. Í augnablikinu liggja eingöngu fyrir afhendingartímar til 5. febrúar en við munum afhenda inneignarkortin alveg þar til allir hafa sótt sín kort. Staðan er einfaldlega sú að skrifstofa sveitarfélagsins er lokuð vegna þess að hún er staðsett í miðri skólabyggingu og í reglugerð Heilbrigðisráðherra fyrir skólastarf segir að viðburðir sem ekki teljast til kennslu eða náms skulu ekki fara fram í skólabyggingum og að takmarka skuli gestakomur í skólabyggingar. Sveitarstjórn taldi því rétt að hafa skrifstofuna lokaða meðan þessi reglugerð er í gangi. Við getum því ekki auglýst að hægt sé að nálgast kortin á opnunartíma skrifstofu og töldum við ekki rétt að auglýsa afhendingartíma lengra fram í tímann vegna þess að eins og allir vita getur staðan breyst. Við munum auglýsa fleiri virka daga og fleiri helgar eftir því sem lengra líður, þannig að þó þessi tími henti ekki þá verður hægt að nálgast þau á öðrum tíma.

Grímsnes- og Grafningshreppur gerir ráð fyrir 10% hækkun frá síðasta ári á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi sem er tilkomin vegna mikillar kostnaðaraukningar við meðhöndlun og eyðingu sorps. Fyrir liggur að taprekstur á málaflokknum er áætlaður 2,1 milljón á árinu 2021 þrátt fyrir gjaldskrárhækkunar. Samkvæmt lögum á málaflokkurinn um sorpmál að standa undir sér, engu að síður ákvað sveitarstjórn að halda áfram að veita öllum fasteignaeigendum sem greiða sorpeyðingargjald inneign fyrir úrgang sem annars væri gjaldskyldur. Undir gjaldskyldan úrgang flokkast timbur, málað timbur og grófur úrgangur. Öðrum úrgangi er hægt að henda gjaldfrjálst á Gámastöðinni Seyðishólum og heimilissorpi er hægt að henda á grenndarstöðum víðsvegar um sveitarfélagið. Í Grímsnes- og Grafningshreppi eru komnar upp 6 grenndarstöðvar á eftirtöldum stöðum: Hjá Skátunum á Úlfliótsvatni – Til móts við bæinn Ásgarð – Við Hraunborgir – Við Vaðnesveg – Við Torfastaði – Við Seyðishóla. Á hverri grenndarstöð er hægt að henda eftirtöldum flokkum gjaldfrjálst: Plasti - pappa - málmum - gleri - lífrænum úrgangi - almennu heimilissorpi – skilaskyldum umbúðum. Annað skal fara með á gámastöðina Seyðishólum. Jafnframt vinnur sveitarfélagið að því að setja upp grenndarstöð annars vegar í austurhluta sveitarfélagsins og í efri Grafningi og má búast við að þær verði komnar upp fljótlega. Grenndarstöðvarnar eru opnar allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Við munum ekki senda inneignarkortin með bréfpósti, við sendum klippikort síðasta árs með bréfpósti og því miður er reynslan okkar af þeim vinnubrögðum slæm og því munum við ekki senda inneignarkortin þannig. Inneignarkortin eru gerð úr þykku plasti og eru hugsuð sem framtíðareign hvernar fasteignar og því þurfi ekki að nálgast kort aftur nema kortið tynist eða eyðileggist.

Að lokum í póstinum á miðvikudaginn þá var vitlaus linkur fyrir upplýsingarnar um vegstyrkina, hér kemur réttur linkur: <https://www.gogg.is/is/stjornsysla/styrkir/vegstyrkir-fyrir-sumahusafelog>
Hér má svo sjá nánari upplýsingar:
<https://www.gogg.is/static/files/Reglur/styrkir-vegna-vegghalds-i-fristundabyggdum-i-grimsnes.pdf>